



Ársskýrsla Landsaðgangs að  
rafrænum gagnasöfnum og tímaritum  
2009

## Efnisyfirlit

<b>1.0 Framkvæmd</b> .....	<b>1</b>
<b>2.0 Stjórnarnefnd</b> .....	<b>2</b>
<b>3.0 Samningar um Landsaðgang</b> .....	<b>3</b>
<b>4.0 Þjónusta</b> .....	<b>6</b>
<b>5.0 Kynningarstarfsemi og fræðsla</b> .....	<b>7</b>
<b>6.0 Notkun</b> .....	<b>9</b>

*Landsaðgangur að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum er upplýsingaveita fyrir Ísland.*

Allir sem tengjast í gegnum íslenska netveitu og eru staddir á landinu, hvort sem það eru Íslendingar eða aðrir, hafa aðgang að þeim gagnasöfnum og rafrænu tímaritum sem samningar um áskrift fyrir allt landið gilda um.

Á hvar.is, vef Landsaðgangsins eru veittar upplýsingar um gögnin, þar eru listar yfir tímarit í aðgangi og samleit. Auk þess eru upplýsingar um gagnasöfn í opnum aðgangi.

### 1.0 FRAMKVÆMD

Menntamálaráðuneyti gerði í desember 2006 þjónustusamning við Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn um framkvæmd samninga um Landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum. Hann kemur í stað eldri samnings um sama efni sem hafði gilt í fjögur ár.

Á fjárlögum ársins 2009 var úthlutað 38 milljónum króna. Það fé rennur til rekstrar Landsaðgangsins og til niðurgreiðslu á samningum við birgja, samkvæmt ákvörðun stjórnarnefndar. Heildarkostnaður við Landsaðgang á árinu 2009 var 206,3 milljónir, þar af 11,9 milljónir í rekstur en áskriftir kostuðu 194,3 milljónir. Sérstakt framlag ríkissjóðs 2009 vegna stöðu krónunnar var 40 millj. kr.

Umsjónarmaður Landsaðgangs síðan í ágúst 2008 er Birgir Björnsson. Störf hans felast m.a. í umsýslu, kynningu, umsjón með vefnum hvar.is og ýmsu sem tengist landsamningum. Fimm aðrir starfsmenn safnsins unnu að samningagerð, gerð greiðsluáætlana, innheimtu og fjárumsýslu og innleiðingu krækjukerfisins SFX. Þessi störf samsvara yfirleitt um tveimur ársverkum í safninu en vegna bankahrunsins 2008 lögðu starfsmenn safnsins fram mikla aukavinnu vegna fjármála Landsaðgangs á árinu 2009. Sú vinna skilaði umtalsverðum afslætti af greiðslum til birgja og einnig að menntamálaráðuneytið ábyrgðist sérstakt framlag þannig að áskriftir voru tryggðar.

## 2.0 STJÓRNARNEFND

Samkvæmt nýjum þjónustusamningi hefur landsbókavörður fimm manna stjórnarnefnd sér til ráðgjafar. Hlutverk stjórnarnefndar er að:

- a) Taka þátt í stefnumótun og ákvarðanatöku um val á rafrænum gagnasöfnum og tímaritum í landsaðgangi.
- b) Ákveða kostnaðarskiptingu milli notendahópa á hverju ári, að teknu tilliti til hugsanlegra breytinga á högum hveurrar stofnunar.
- c) Gera árlega fjárhagsáætlun um innkaup og kostnaðarskiptingu og skal sú áætlun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi ár.
- d) Taka þátt í og/eða fylgist með samningagerð við birgja.

Stjórnarnefnd hélt 10 fundi á árinu. Auk þess tóku nefndarmenn þátt í aukafundum ásamt starfsmönnum Lbs-Hbs um fjármögnun Landsaðgangs og vegna samanburðar á Scopus og Web of Science. Stjórnarnefnd er skipuð Önnu Torfadóttur, Guðrúnu Tryggvadóttur, Pálínu Héðinsdóttur, Sigurði Hafsteinssyni og Sólveigu Þorsteinsdóttur. Varamenn eru Andrea Jóhannsdóttir, Baldvin Zarióh, Guðrún Pálsdóttir, Sveinn Ólafsson og Þóra Sigurbjörnsdóttir. Nefndin starfar eftir erindisbréfi frá 8. júní 2007.

### Verkefni stjórnarnefndar

Stjórnarnefnd samþykkti fjárhagsáætlun Landsaðgangs 2009 og gekk frá greiðsluskiptingu tímarita og gagnasafna fyrir árið 2009. Meðal annarra verkefna má nefna eftirlit með innheimtu, greiðslum og afskriftum, umfjöllun um notkun efnis í Landsaðgangi, viðræður við menntamálaráðuneytið um fjármögnun Landsaðgangs, samanburður á Scopus og Web of Science, aðkoma að samþættri leitarvél á vegum Landskerfis bókasafna, ákvörðun um að taka krækjuckerfið SFX Classic í notkun, innganga í ICOLC, undirbúning samninga við birgja, umfjöllun um tilboð og samþykkt þeirra.

### Þáttaka í ICOLC

Stjórnarnefnd samþykkti á árinu að Landsaðgangur yrði aðili að **ICOLC – International Coalition of Library Consortia**. Samtökin sem voru stofnuð 1996 eru óformleg samtök kaupenda (bókasafna og samlaga) rafrænna gagnasafna og tímarita. Tilgangur ICOLC er m.a. að miðla upplýsingum sem tengjast áskriftum að rafrænu efni. Á vegum samtakanna er starfræktur póstlisti, þá eru haldnir árlegir upplýsingafundir, annar í Norður-Ameríku og hinn í Evrópu, þar sem fjallað er um sameiginleg hagsmunamál. Vefur ICOLC er á slóðinni <http://www.library.yale.edu/consortia/>.

### 3.0 SAMNINGAR UM LANDSAÐGANG

Samningar um Landsaðgang á árinu 2009 voru óbreyttir frá fyrra ári:

Gagnasöfn:

- Britannica Online
- Greinasafn Morgunblaðsins - með 3ja ára birtingartöf
- Grove Art
- Grove Music
- Web of Science

Britannica og Grove-söfnin eru söfn greina sem að grunni til eru úr eldri prentuðum alfræðiritum. Web of Science er tilvísanasafn og sýnir útdrátt og bókræðilegar upplýsingar um greinar í vísindatímaritum. Með krækjuckerfi er hægt að sækja heildartexta greina.

Samsöfn eru söfn tímarita og annars rafræns efnis frá mörgum útgefendum. Innan sviga er fjöldi titla 2009:

- EBSCOhost
  - Academic Search Premier ( 8.491 titlar, þar af 4.637 í fullum texta)
  - Business Source Premier (3.337 titlar, þar af 2.179 í fullum texta)
  - MasterFile Premier (2.673 titlar, þar af 1.695 í fullum texta)
- ProQuest 5000 International (6.714 titlar, þar af um 5.400 í fullum texta)

EBSCOhost og ProQuest gera samninga við útgefendur af öllu tagi og safna saman aðgangsréttindum í stóra pakka. Aðgangur að um 10% titlanna er með birtingartöf. Birtingartöfin er frá einum mánuði upp í eitt ár.

Tímaritasöfn eru frá einstökum útgefendum. Innan sviga er fjöldi titla í desember 2009:

- Blackwell Synergy (789 titlar)
- Elsevier ScienceDirect (2.052 titlar)
- Karger Online (96 titlar)
- Sage Premier (510 titlar)
- SpringerLink (1.363 titlar)

Aðgangur að ritum þessara útgefenda nær til nærri allra rita sem þau gefa út sjálf og til margra rita frá öðrum útgefendum sem þau hafa tekið með í aðgangspakka.

Kostnaður við áskriftir var 194,3 milljónir á árinu, tæpar 38,8 millj. kr. fyrir gagnasöfn og ríflega 155,5 millj. kr. fyrir tímaritasöfn. Samningsbundið framlag af fjárlögum til niðurgreiðslu gagna var 38 millj. kr. en sérstakt framlag ríkisins vegna gengisfalls krónunnar var 40 millj. kr. Mismunurinn er greiddur af um 200 aðilum en listi yfir þá er

birtur á hvar.is. Stærstu greiðendur eru háskóla-, heilbrigðis- og rannsóknabókasöfn. Þau greiða stærsta hluta tímaritasafna (Blackwell, ScienceDirect, Karger, Sage Premier og SpringerLink), aðgang að Web of Science og stóran hluta samsafna. Almenningsbókasöfn, framhaldsskólasöfn, stjórnsýslusöfn, fyrirtæki og samtök greiða hluta aðgangs að samsöfnum (EBSCOhost og Proquest5000), aðgang að gagnasöfnum (Britannica, Grove-söfnin og gagnasafni Morgunblaðs) ásamt háskólabókasöfnum.

Í Landsaðgangi voru ríflega 14.500 tímarit í fullum texta, ríflega 8.000 tímarit með útdráttum greina og um 6.000 rafbækur Talsverð skörun er á titlum í EBSCOhost, ProQuest og öðrum söfnum.

### **Kostuð gagna- og greinasöfn**

Fyrir utan hinn eiginlega Landsaðgang er aðgangur á öllu landinu að nokkrum gagnasöfnum fyrir tilstilli aðila sem kosta þau. Greiðslur vegna þeirra eru ekki teknar með í tölum um kostnað við Landsaðgang (sjá bls. 3) og það sama á við um tölur um notkun (sjá kafla 6.0 bls. 9).

#### **Kostuð gagna- og greinasöfn:**

➔ ASCE  
og EiVillage með Compendex

➔ OVID

#### **Aðilar sem kosta aðganginn:**

Verkfræðideild HÍ, Háskólinn í Reykjavík, Íslenskir aðalverktakar, Landsvirkjun, Línuhönnun, Orkuveita Reykjavíkur, VSÓ ráðgjöf, Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen.

Landspítali - Háskólasjúkrahús, Landlæknir, Háskólinn á Akureyri og Sjúkrahúsið á Akureyri.

### **Opinn aðgangur**

Á vef Landsaðgangsins eru krækjur á mörg íslensk og erlend gagnasöfn sem eru opnum aðgangi.

### **Samningar 2010 – 2012**

Í árslok 2009 runnu út samningar við flesta birgja. Samningur vegna Encyclopædia Britannica rennur út í apríl 2010. Samningar við Morgunblaðið framlengjast um ár í senn.

Haustið 2009 var skipuð samninganefnd vegna endurnýjunar samninga við aðra birgja í samráði við menntamálaráðuneytið. Í henni voru Birgir Björnsson, Guðrún Tryggvadóttir, Sólveig Þorsteinsdóttir og Þorsteinn Hallgrímsson. Nefndin lagði áherslu á að ná samningum til þriggja ára, freista þess að ná niður verði eða fá betri kjör og nýtti sér leiðbeiningar sem ICOLC gaf út í kjölfar kreppunnar. Þá var gerð krafa um að í öllum

samningum væri uppsagnarákvæði (escape clause eða opt out) vegna hættu á að ekki tækist að fjármagna Landsaðgang. Samningaviðræður fóru fram í tölvupósti, símtölum og á símafundum. Eitt tilboð var lagt fram á fundi í Lbs-Hbs. Í árslok 2009 og í byrjun árs 2010 náðust samningar við alla birgja til þriggja ára 2010 – 2010, nema samningurinn við Blackwell er til tveggja ára. Uppsagnarákvæðið var tekið inn í alla samningana og telja má samningana hagstæða, en heildarupphæð í erlendri mynt fyrir árið 2010 er lægri en hún var árið 2009. Samið var um óbreytt efni nema ProQuest5000 var skipt út fyrir ProQuest Central.

### **Sérstakar aðgerðir 2009**

Í kjölfar banka- og gengishruns íslensku krónunnar var ljóst að fjárhagslegar forsendur fyrir kostnaði við áskriftir Landsaðgangs voru brostnar. Á ársskýrslu Landsaðgangs 2008 var gerð grein fyrir vinnu starfsmanna Lbs-Hbs og stjórnarnefndar Landsaðgangs til að halda verkefninu gangandi.

Í upphafi árs 2009 var áfram unnið að því kynna birgjum stöðu mála og samningaviðræður hófust um afslátt af greiðslum eða frestun greiðslna. Samið var við alla birgja um lækkun greiðslna fyrir áskriftir 2009 fyrir utan Oxford University Press vegna Grove safnanna, þar sem búið var að greiða fyrir aðgang 2009. Gengishrunið hafði ekki áhrif á kostnað við Morgunblaðið.

Þá var reynt var að virkja hagsmunaaðila til að þrýsta á um lausn málsins, s.s. háskólana, Rannís og Vísinda- og tækniráð. Samkomulag náðist við menntamálaráðuneytið um sérstakt framlag til að brúa bilið vegna gengisfalls krónunnar árin 2009 og 2010. Framundan er því vinna við að finna öruggari rekstrargrundvöll fyrir Landsaðgang.

## 4.0 ÞJÓNUSTA

Á árinu 2009 tók umsjónarmaður þátt í verkefnahópi um notkun SFX á Íslandi á vegum Landskerfis bókasafna sem rekur SFX krækjukerfið og Aleph kerfið sem hýsir Gegni. Nokkur háskólasöfn hafa notað SFX og grunnupplýsingar um áskriftir í Landsaðgangi voru í kerfinu. Í framhaldi af vinnu hópsins var ákveðið að uppfæra úr SFX EXpress í SFX Classic, sem er þróaðri útgáfa af kerfinu og fá fleiri aðila til samstarfsins.

Í árslok voru allar upplýsingar um áskriftir í Landsaðgangi í kerfinu uppfærðar, auk þess sem rafrænar áskriftir þeirra skóla sem taka þátt í verkefninu voru settar inn. SFX er krækjukerfi (*link solver*) sem býr til krækju á efni í rafrænum aðgangi. Ef notandi hefur ekki aðgang að efni fylgja upplýsingar um hvernig er hægt að nálgast það. SFX má einnig nota sem tímaralista og til að setja fram leitarniðurstöður, til dæmis í samleitarkerfi. Hægt er að leita að tímaritum bæði eftir titlum þeirra og efni.

Mikill vinnusparnaður felst í að upplýsingar um efni Landsaðgangs eru settar inn einu sinni en allir geta notið góðs af. Breytingin felur í sér samræmt notendaviðmót, efni í Landsaðgangi fær meiri dreifingu og verður sýnilegra, auðveldara verður að tengja rafrænt efni í Gegni o.fl. Engin þjónustu- eða viðhaldsgjöld verða innheimt hjá Landskerfi bókasafna vegna daglegs rekstur kerfisins. Í framhaldi var sagt upp tímaritalistum frá fyrirtækinu TDNet en samleit (*meta-search engine*) frá þeim er enn í notkun.

Umsjónarmaður veitir bókasöfnum aðstoð vegna kostaðra áskrifta í landsaðgangi og minni sérsamlaga s.s. GeoRef, EconLit og CSA.

Vefurinn hvar.is er aðal þjónustuleið Landsaðgangsins og þar er aðgangur að gögnunum. Á vefnum eru veittar upplýsingar um verkefnið, um það efni sem keypt er, um gagnasöfn í opnum aðgangi, heimildaskráningu og önnur mál sem tengjast rafrænum áskriftum. Þar eru upplýsingar um samninga við útgefendur og um notkun á gögnunum, auk fréttu af málum á þessum vettvangi.

### Verkefnaáætlun 2010

Á vegum Lbs-Hbs er unnið að árlegum verkefnaáætlunum og tekur umsjónarmaður þátt í því starfi. Þar eru sett fram verkefni sem falla utan daglegra starfa. Óvenju mikill tími umsjónarmanns fór í vinnu við fjármögnun Landsaðgangs, samningagerð og innleiðingu SFX, og var því minna unnið í fyrirhuguðum verkefnum ársins 2009. Fyrstu drög að endurnýjun hvar.is voru þó sett fram en á árinu 2010 verður áfram unnið að vefmálum og gerð hljóðglæra með kynningarefni.

## 5.0 KYNNINGARSTARFSEMI OG FRÆÐSLA

- Bæklingum var dreift til bókasafna eftir beiðnum frá þeim og þegar umsjónarmaður kynnti aðganginn. Alls var dreift 7.115 bæklingum árið 2009 samanborið við 360 bæklingum árið 2008.
- Umsjónarmaður kynnti Landsaðgang og einstök tímaritasöfn hjá Reykjavíkurakademíunni í marsmánuði 2009.
- Umsjónarmaður kynnti Landsaðgang í eftirtöldum námskeiðum við Háskóla Íslands; Vinnulag í bókasafns- og upplýsingafræði, Upplýsingaleiðir og Starfsemi og rekstur bókasafna.
- Umsjónarmaður kynnti Landsaðgang og kenndi á gagnagrunna hjá Keili – Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs á vor- og haustönn.
- Umsjónarmaður kynnti Landsaðgang við Menntavísindasvið HÍ á námskeiðinu Inngangur að samfélagsgreinum í janúar 2009.
- Umsjónarmaður var með þrjár kynningar í Kennslumiðstöð HÍ haustið 2009. Kynningarar voru; Upplýsingalæsi á háskólastigi, Sýnikennsla í gagnasafninu ProQuest og Sýnikennsla á gagnasafninu EBSCOhost.

Upplýsingum og fréttum var miðlað til notenda á vef Landsaðgangs, hvar.is og á póstlistanum Skrudda, um bókasafna- og upplýsingamál. Að auki voru sendar fréttir á póstlistann [hi-starf@hi.is](mailto:hi-starf@hi.is) sem berst starfsmönnum Háskóla Íslands.

Umsjónarmaður sótti enga fundir erlendis á árinu.

### **Tilraunaaðgangur:**

Springer opnaði tilraunaaðgang að fjölbreytilegu efni tímarita, rafrænna bóka, uppflettirita auk gagnasafnanna Images MD og Zentralblatt MATH. Aðgangurinn er opinn frá lokum apríl mánuðar og fram til 1. apríl 2010.

### **Heimsóknir**

Ingolf Kaspar hjá EBSCOhost var í heimsókn á Íslandi 9. mars og hélt kynningu í fyrirlestrarsal Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

Monique van de Kamp hjá Springer heimsótti Ísland 13. – 15. maí og var með tvær kynningar í fyrirlestrarsal Lbs-Hbs. Þá átti hún fund með starfsmönnum Lbs-Hbs.

Ingolf Kaspar hjá EBSCOhost kom öðru sinni í heimsókn til Íslands 11. ágúst og kynnti EBSCOhost Integrated Search og EBSCO Discovery Service.



John Tsihlis og Bjorn Olofsson hjá ProQuest komu í heimsókn til Íslands 21. október og héldu kynningar og sýnikennslu á þjónustum fyrirtækisins s.s. ProQuest Central, CSA Illumina, Refworks og COS – Community of Scholars.

## 6.0 NOTKUN

Tölur um notkun koma frá útgefendum og birgjum. Þeir notast við COUNTER-staðal. Sú breyta sem helst er stuðst við eru greinar sóttar í fullri lengd. Hún gefur til kynna notkun í gagnasöfnum með greinar. Web of Science er tilvísanasafn, sem geymir upplýsingar um greinar og útdrætti úr þeim, en ekki fullan texta greinanna, heldur vísar í hann. Þar eru taldar heimsóknir og leitir.

Uppsetning á gögnum um notkun er nú breytt frá síðustu ársskýrslu á þann hátt að notkun á greinasafni Morgunblaðsins er tekin út úr töflu um notkun í gagnasöfnum. Notkun á tilvísanagagnasafninu Web of Science er nú mæld í heimsóknum (sessions) og leitum (queries) en var áður aðeins mæld sem leitir. Þá er röðun taflna einnig með öðrum hætti en í ársskýrslu 2008.

**Tafla 1.** Tímaritasöfn, fjöldi sóttara greina í fullri lengd

Tímaritasöfn	2009	2008	Breytingar
Blackwell Synergy	66.913	66.913	
Karger Online	8.180	6.933	18,00%
Sage Premier	40.551	41.890	-3,20%
Elsevier ScienceDirect	299.280	277.570	7,80%
Springer Link	58.726	37.854	55,14%
<b>Samtals</b>	<b>473.650</b>	<b>431.160</b>	<b>9,85%</b>

Í ársskýrslu 2008 var gerð grein fyrir óvissu um notkun tímaritasafnanna Elsevier ScienceDirect (SD) og Blackwell Synergy. Síðla árs 2009 fengust áreiðanlegri notkunartölur fyrir (SD) vegna ársins 2008. Notkun á SD í töflu 1. hér að ofan sýnir leiðréttu notkun fyrir 2008. Einnig fengust seint á árinu 2009 leiðrétt gögn um notkun á Blackwell 2008 en þá voru 66.913 greinar sóttar. Því miður eru notkunartölur hjá Blackwell vegna 2009 óáreiðanlegar og er því brugðið á það ráð að birta sömu notkunartölur og árið 2008. Þetta er breyting frá ársskýrslu 2008 og það sama á við um samanlagðar notkunartölur allra safna í töflu 5.

**Tafla 2.** Samsöfn, fjöldi sóttara greina í fullri lengd

Samsöfn	2009	2008	Breytingar
EBSCOhost	92.812	72.154	28,60%
ProQuest 5000	257.108	231.058	11,30%
<b>Samtals</b>	<b>349.920</b>	<b>303.212</b>	<b>15,40%</b>

**Tafla 3.** Gagnasöfn, fjöldi sóttara greina í fullri lengd

Gagnasöfn	2009	2008	Breytingar
Britannica Online	47.959	78.900	-39,20%
Grove Art	8.886	7.209	23,30%
Grove Music	11.862	16.624	-28,65%
<b>Samtals sóttar greinar</b>	<b>68.707</b>	<b>102.733</b>	<b>-66,88%</b>

**Tafla 4.** Greinasafn Morgunblaðsins með 3ja ára birtingartöf, fjöldi sótttra greina

Gagnasafn	2009	2008	Breytingar
Morgunblaðið	667.546	625.525	6,50%

**Tafla 5.** Samanlagður fjöldi sótttra greina í fullum texta

Samanlagður fjöldi sótttra greina	2009	2008	Breytingar
Öll tímarita- og gagnasöfn	1.559.823	1.463.630	6,57%
Öll tímarita- og gagnasöfn - að Morgunblaðinu undanskildu	892.277	837.105	6,59%

**Tafla 6.** Tilvísanasafn, fjöldi heimsóknna og fjöldi leita

Tilvísanasafn	2009	2008	Breytingar
Web of Science (heimsóknir)	179.574	154.316	16,40%
Web of Science (leitir)	508.367	463.340	9,70%

**Tafla 7.** Vefgáttinn hvar.is

Vefgáttin hvar.is	2009	2008	Breytingar
Notendur (users)	121.913	119.878	1,70%
Heimsóknir (sessions)	160.118	156.331	2,42%
Síðuflettingar (page impressions)	299.830	300.835	-0,33%

Umferð á hvar.is er mæld af Modernus og eru mælingar gerðar skv. samræmdri íslenskri vefmælingu. Reglur um samræmdar vefmælingar eru birtar á [www.modernus.is](http://www.modernus.is). Árið 2009 var uppsafnaður fjöldi notenda um 1,70% fleiri en árið áður. (Notandi er mældur einu sinni í hverri viku eftir IP-tölu). Heimsóknum fjölgaði lítillega eða um 2,42% á árinu. Síðuflettingum (hver einstök tenging notanda við vef) fækkaði óverulega eða um 0,33%. Mælingar ársins gefa til kynna að notendum vefgáttar Landsaðgangs, hvar.is hafi fjölgaði lítillega miðað við fyrra ár og að heimsóknum notanda hafi einnig fjölgað smávægilega. Síðuflettingum fækkar eilítið sem er veik vísbending um að sama þróun hafi haldið áfram frá fyrra ári um að hinn dæmigerði notandi finni gögn sem hann sækist eftir með markvissari hætti. Engar stórvægilegar breytingar á notkun vefgáttarinn hvar.is áttu sér stað.

## Yfirlit

Aukning varð á samanlögðum fjölda sótttra greina um 6,59% miðað við fyrra ár, ef undan eru skildar notkunartölur gagnasafns Morgunblaðsins. Ekki er hægt að nota gögn frá Blackwell vegna notkunar 2009 og er því ákvörðuð hin sama og árið áður. Aukning er á sóttum greinum hjá Karger eða 18%. Fjöldi sótttra greina hjá Sage fækkar um 3.20%. Notkun á ScienceDirect eykst um 7,80%. Þá eykst notkun á Springer um 55,14% en hugsanleg skýring á þessari aukningu er að á árinu var í boði tilraunaaðgangur að fjölbreyttu efni hjá Springer en ekki er óalgenget að slíkt hafi áhrif á notkun efnis sem er í áskrift.

Heildarfjöldi sótttra greina í fullum texta í samsöfnum eykst um 15,40%. Hjá EBSCOhost var aukningin 28,6% en hjá ProQuest var aukningin 11.30%.

Samkvæmt gögnum frá Encyclopædia Britannica minnkaði notkun á gagnasafninu um 39,20%. Notkun hjá Grove Art gagnasafninu jókst um 23,30% en hjá Grove Music var minni notkun sem nam 28,65%.

Fjöldi sótttra greina í greinasafni Morgunblaðsins jókst um 6,50% á árinu 2009. Um er að ræða sóttar greinar sem eru eldri en 3ja ára og sóttar af íslenskum IP-tölum öðrum en köngulóm (crawlers) leitarvéla.

Samanlagður fjöldi sótttra greina í gagnasöfn að Morgunblaðinu meðtöldu eykst um 6,57%. Samanlögð notkun gagnasafna (Encyclopædia Britannica, Grove Art og Grove Music) að Morgunblaðinu ekki meðtöldu er 6,59%.

Heimsóknunum í tilvísanasafnið Web of Science fjölgaði um 16,40% og leitum fjölgaði um 9,70%.

Almenn aukning á notkun tímaritasöfnum, samsöfnum, greinasafni Morgunblaðsins og tilvísanasafninu Web of Science er ánægjuleg. Notkun á Sage minnkaði aðeins. Ef til vill má skýra minnkaða notkun á Encyclopædia Britannica með samkeppni við alfræðiritið Wikipedia. Skýringar á minnkandi notkun á Grove Music liggja ekki í augum uppi en ánægjulegt er að notkun á Grove Art jókst. Á árinu 2009 var gert átak í kynningu á Grove gagnasöfnunum með dreifingu bókamerkja og veggspjalda í bókasöfn grunn- og framhaldsskóla auk listaskóla en búið var að þýða og staðfæra kynningarefnið.

Nánari upplýsingar um notkun er að finna á hvar.is, undir krækjunni „Tölur um notkun“ sem er neðst til hægri á forsíðu hvar.is.

Mars 2010,  
Birgir Björnsson  
umsjónarmaður Landsaðgangs að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum.